

Kauptilboð til hluthafa í Íslenska járnblendifélaginu hf. og eyðublað til samþykkis kauptilboðinu

Elkem ASA, Hoffsvæien 65 B, 0303 Oslo, Noregi, gerir hér með öllum hluthöfum í Íslenska járnblendifélaginu hf., Grundartanga, 301, Akranesi, kauptilboð í hlutabréf þeirra í félaginu. Kauptilboðið er miðað við gengið 1,15. Um greiðslu kaupverðs og samþykkisfrest fer eftir því sem að neðan greinir. Kauptilboð þetta er gert í framhaldi af kaupum Elkem ASA á hlut íslenska ríkisins í félaginu og samkomulagi sem gert var samhliða þeim kaupum.

Samþykki kauptilboðs

Til þess að samþykkja ofangreint kauptilboð er nauðsynlegt að hluthafi fylli út og undirriti þetta eyðublað. Við samþykki tilboðsins kemst á bindandi samningur á milli hluthafans og Elkem ASA um sölu hlutafjárins.

Ég, undirrituð/aður, hluthafi í Íslenska járnblendifélaginu hf., (vinsamlega notið prentstafi)

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____ Sveitarfélag: _____

Heimasími: _____ Farsími/vinnusími: _____

samþykki hér með framangreint kauptilboð og sel Elkem ASA hlutabréf mín að neðangreindu nafnverði í Íslenska járnblendifélaginu hf. Kaupverðið miðast við gengið **1,15**. Hlutabréfin verða afhent um leið og greiðsla fer fram eins og nánar er lýst hér að neðan.

Með undirritun minni staðfesti ég að ég hef kynnt mér efni tilboðsins og sætti mig við það í öllum atriðum. Ég staðfesti jafnframt að með samþykki mínu kemst á bindandi kaupsamningur um tilgreind hlutabréf mín í félaginu.

Nafnverð hlutafjár: kr. _____ **Kaupverð (nafnverð x 1,15):** kr. _____

Hlutabréfin eru á VS-reikningi hluthafa hjá (nafn reikningsstofnunar): _____

Umboð: Undirrituð/aður, veiti/r hér með Lex ehf. lögmannsstofu, fullt og ótakmarkað umboð til þess að annast frágang viðskiptanna í samræmi við samþykki mitt á kauptilboði Elkem ASA. Umboðið nær m.a. til þess að óska eftir og sjá um framkvæmd á flutningi á hinu selda hlutafé af VS-reikningi mínum, enda sé um leið framvísað gagnvart viðkomandi reikningsstofnun fullnægjandi sönnun þess, að greiðsla kaupverðsins hafi átt sér stað, eða að hún eigi sér stað samtímis.

Greiðslu fyrir hið selda hlutafé skal ráðstafað inn á eftirfarandi reikning minn:

Reikningsstofnun: _____ Reikningur númer: _____ - _____

Dagsetning: _____

Undirskrift hluthafa

Nauðsynlegt er að undirskrift hluthafa sé vottuð tveimur vottum sem staðfesta rétta dagsetningu, undirskrift og fjárræði hluthafans.

Vottur: _____ Vottur: _____

Kennitala: _____ Kennitala: _____

Samþykki kauptilboðsins verður að hafa borist í frumriti, undirritað og vottað fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. janúar 2003 á lögmannsstofuna Lex, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík. Að öðrum kosti fellur kauptilboðið niður. Greiðsla fer í síðasta lagi fram innan tveggja vikna frá lokum samþykkisfrests að því gefnu að upplýsingar frá hluthafa séu réttar og fullnægjandi svo unnt sé að framkvæma viðskiptin. Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá lögmannsstofunni Lex í síma 590 2600 – tölvupóstur lex@lex.is.